

HJALLABRAUT 33 – 2 ÍBÚÐIR Í HÚSI FYRIR ELDRI BORGARA



› Mjög skemmtileg rúmgóð og björt 2ja herbergja íbúð, 69,3 m² á 2 hæð í vinsælu húsi fyrir eldri borgara, 60 ára og eldri. Fallegt útsýni. Glerlokun á suð-austur svölum. Lyftuhús. Verð 34,5 millj. kr.

› Mjög falleg, björt 47,7 m², 2ja herbergja íbúð, á 2. hæð í vinsælu húsi fyrir eldri borgara, 60 ára og eldri. Lyftuhús. Verð 29,9 millj. kr.

HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA

Bæjarhrauni 10 Hafnarfirði • Sími 520 7500 • www.hraunhamar.is

Stofnuð 1983


-stöðin
TAXI
Hafnfirski
leigubílastöðin
520 1212





MATHÚS BAR
VON
Strandgata 75 • 583 6000 • vonmathus.is • [facebook/vonmathus](https://facebook.com/vonmathus)

Verslun að eflast á Reykjavíkurveginum

Það sem áður var tóm er allt að fyllast

Nú þegar vinna er að hefjast við nýtt skipulag á Hrauninum við Reykjavíkurveg virðist áhugi vera að glæðast fyrir Reykjavíkurveginum sem verslunargötu. Þar sem

áður var tóm er HB-búðin komin og Flúrlampar eru að flytja starfsemi þarna og fleiri fyrirtæki á leiðinni. Fundur um uppbyggingu á svæðinu verður í Hafnarborg 31. janúar.



Lýsam: Guðni Gíslason
Flúrlampar verða með verslun og söluskrifstofu þarna og framleiðslu á neðri hæðinni.


FASTEIGNASALA

Stofnuð 1988



Fjarðargötu 17

Sími: 520 2600

Opið virka daga kl. 9-17
as@as.is

www.as.is


KÖKULIST

Treystu mér fyrir veislunni!
www.kokulist.is
Firði • sími 555 6655


HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGM

SÚPER TILBOÐ

ÞÍN VERSLUN Í HAFNARFIRÐI

Electrolux
5 ÁRA
ÁBYRÐ

Electrolux

58.900 kr
~~64.990~~

Þvottavél
FW30L7120
7 kg, 1200 sn.
Orkunýting
A+++.
1805690



FJARÐARfréttir

Útgefandi: Hönnunarkirkja ehf. kt. 450106-1350
Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Guðni Gíslason
Ritstjórn: 565 4513, 896 4613, **Auglýsingar:** 565 3066,
 fjardarfrettir@fjardarfrettir.is
Prentun: Ísafoldarprentsmíðja • **Dreifing:** Íslandsþóstur
 ISSN 2298-8858 Vefútgáfa: ISSN 2298-8866
www.fjardarfrettir.is
www.facebook.com/fjardarfrettir.is
Hönnunarkirkja ehf., Bæjarhrauni 2, 220 Hafnarfirði

leiðarinn

Stundum getur góðmennskan gengið of langt. Ég held ég hafi aldrei verið eins gapandi og þegar ég horfði á frétt í ríkissjónvarpinu um það að samtök sem berjast fyrir rétti dýra hafi gefið Fjölskylduhjálpi Íslands pelsa handa öllum heimilislausum Íslendingum. Þetta voru rándýrir pelsar sem eigendurnir höfðu gefið samtökunum þar sem þeir af samviskuástæðum vildu ekki ganga í þeim lengur.

Þarna lét fólkið mynda sig í bak og fyrir og gagnrýnislaus fréttamennskan sagði frá þessu eins og þetta væri hið eðlilegasta mál. Sem það var alls ekki. Pelsarnir voru rækilega merktir með málningu svo ekki væri hægt að koma þeim í verð og talsmaður samtakanna sagði að það ætti aðeins fátækt fólk að ganga í pelsum.

Hvað fær fólk til að láta sér detta í hug að nánast brennimerkja fátækt fólk með sérmerktum pelsum? Þarna hefur ákefðin við að gera góðverk gert fólk blint fyrir aðgerðum sínum og það var ekki fyrir en eftir hörð viðbrögð á samfélagsmiðlum að fjölmiðlar fóru að skoða alvarlegu hliðina á málinu.

Sem betur fer er samfélag okkar að mestu þannig að það er ekki auðvelt að sjá stöðu og efnahag fólks á útliti þess og allt sem gerir þá aðgreiningu auðveldari er af hinu vonda. Komast þarf að rötum vandans og þarfir hinna efnaminni verða ekki leystar með aðgerðum þeirra sem hafa hagnað einan að leiðarljósi.

Guðni Gíslason ritstjóri.

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
 Flatahrauni 5a, Hafnarfirði

Vaktímar: 565 5892 & 896 8242 • www.utfararstofa.is • Allan sólarhringinn

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

FRÍMANN & HÁLFDÁN
 ÚTFARARÞJÓNUSTA

ÚTFARARÞJÓNUSTA
 HAFNARFJARÐAR

Frímann
s: 897 2468

Hálf dán
s: 898-5765

Ólöf
s: 898 3075

www.uth.is - uth@uth.is

Stapahrauni 5, Hfj. - Sími 565-9775

Ástjarnarkirkja

Sunnudagur 29. janúar

Fjölskylduguðspjónusta kl. 11

Barnakór kirkjunnar syngur
Starf eldri borgara
 á miðvikudögum kl. 13:30

www.astjarnarkirkja.is

Auglýsingar
 sími 565 3066 - 896 4613
guðni@fjardarfrettir.is

Víðistaðakirkja

Sunnudagur 29. janúar

Tónlistarguðspjónusta kl. 11

Karlakórinn Prestir
 syngur undir stjórn Jóns Karls Einarssonar.
 Prestur: Sr. Bragi J. Ingibergsson.
Sunnudagaskólinn kl. 11

12:00. Súpa og brauð
 í safnaðarsal á eftir.

www.vidistadakirkja.is

Ótrúleg óvirðing við umhverfið og samfélagið

Tvær stórar gámastöðvar taka við rusli í bænum

Sóðaskapur sumra íbúa riður ekki við einteyming ef marka má hvað sjá má víða í upplandinu og jafnvel rétt innan við byggðina. Við Hvaleyrarvatnsveginn rétt innan Valla mátti í síðustu viku sjá rúmdýnur, sófa, stóla, teppi og önnur húsgögn sem hent hafði verið úr fyrir veg. Var drasl að finna í tveimur gjótum með stuttu millibili. Kannski einhver kannist við þessi teppi og þekki sóðana en starfsmenn Hafnarfjarðarbæjar hafa fjarlægð draslið.

Athugasemdum náttúruverndarsamtaka hafnað og aðalskipulag fer í samþykkt

Mótmæli vegna nýrra háspennulína ofan Helgafells ekki tekin til greina

Á fundi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar þann 23. nóvember 2016 var samþykkt breyting á deiliskipulagi Undirhlíða ásamt umhverfisskýrslu sbr. 7. gr laga um umhverfismat áætlaða nr. 105/2006 og að meðferð málsins yrði lokið skv. 1. mgr. 43. greinar skipulagslaga nr. 123/2010.

Athugasemdarfrestur er liðinn og bárust athugasemdir frá Náttúruverndarsamtökum Suðvesturlands, Lárusi Vilhjálmssyni og Hraunavinum.

Athugasemdirnar voru kynntar á fundi skipulags- og byggingarráðs sl. þriðjudag og umsagnir um þær voru lagðar fram. Skipulags- og byggingarráð samþykkti umsagnir og skipulagið fyrir sitt leyti og lagði til við bæjarstjórn að samþykkja fyrirbyggjandi breytingu á deiliskipulagi Undirhlíða og að málinu verði lokið í samræmi við 1. mgr. 42. gr. laga nr. 123/2010.

Á sama hátt fór afgreiðsla á tillögur um breytingu á deiliskipulagi Undirhlíðanámu vegna Sandskeiðslínu 1.

Öllum andmælum vegna byggingar nýrra háspennulína rétt ofan vatnsbóls Hafnarfjarðar hefur því verið hafnað.



Sandskeiðslína 1 mun koma við hlið nýverandi háspennulínu sem liggur skammt frá Litlu borgum ofan Helgafells.

SÝRT HVALRENGI

af langreyði, framleitt af Hval hf.

Fæst m.a. á eftirfarandi stöðum á þorranum:

Bónus - Um allt land
Depla, Kolaportinu - Reykjavík
Esja Gæðafæði ehf. - Bitruhálsi 2 - Reykjavík
Ferðapjónustan Bjarteyjarsandi - Hvalfjarðarsveit
Fiskbúðin Sundlaugavegi 12 - Reykjavík
Fiskbúðin Trönuhrauni 9 - Hafnarfjörður
Fiskbúðin Hafberg - Gnoðarvogi 44 - Reykjavík
Fiskbúðin Hófgerði 30 - Kópavogur
Fiskbúð Hólmgæis - Pönglabakka 6 - Reykjavík
Fiskbúðin Mos - Háholti 13-15 - Reykjavík
Fiskbúð Fjallabyggðar - Aðalgötu 27 Siglufirði
Fiskbúð Sjávarfangs ehf. - Sindragötu 11 - Ísafirði
Fiskbúð Suðurlands - Eyrarvegi 59 - Selfoss
Fiskbúðin Vegamót - Nesvegi 100 - Seltjarnarnes
Fiskikóngurinn - Sogavegi 3 - Reykjavík
Fjarðarkaup - Hólshrauni 1b - Hafnarfjörður
Hagkaup - Um allt land
Hnýfill ehf. - Drefingaraðili - Brekkugötu 36 - Akureyri
Kjöthöllin - Skipholt 70 og Háaleitisbraut 58-60 - Reykjavík
Kaupfélag Steingrímsfjarðar - Höfðatúni 4 - Hólmavík

Kaupfélag Vestur Húnavetninga - Strandgötu 1 - Hvammstangi
Kjarval - Um allt land
Kostur - Dalvegi 10 - Kópavogi
Krónan - Um allt land
Kræsingar ehf. - Sólbakka 11 - Borgarnes
Litla fiskbúðin - Miðvangi 41 - Hafnarfirði
 og Háaleitisbraut 58-60 - Reykjavík
Melabúðin - Hagamel 39 - Reykjavík
Múlakaffi - Hallarmúla 1 - Reykjavík
Nettó - Um allt land
Nóatún - Austurveri
Skagfirðingabúð - Ártorgi 1 - Sauðárkrúkur
Strax - Um allt land
Sægreifinn - Geirsgötu 8, Reykjavík
Úrval - Um allt land
Verslunin Einar Ólafsson ehf. - Skagabraut 9-11 - Akranes
Verslunin Rangá - Skipasundi 56, Reykjavík
Víðir - Skeifunni 11d, Sólvallagötu 79 - Reykjavík
 og Garðatorgi 1 - Garðabæ
Pín Verslun ehf. - Seljabraut 54 - Reykjavík

Hvalur hf.

Reykjavíkurvegi 48, 220 Hafnarfjörður
 Skrifstofa: 555 0565 - Frystihús (pantanasími): 555 0165

Agnes Björk og Birta Guðný sigruðu í söngkeppni félagsmiðstöðvanna

Glæsileg frammistaða nemenda grunnskóla Hafnarfjarðar

Söngkeppni félagsmiðstöðvanna í grunnskólum Hafnarfjarðar var haldin í Bæjarbíói fyrir fullu húsi sl. föstudag. Hver félagsmiðstöð gat sent tvo fulltrúa og mátti því hlýða á 12 söngatriði hverju öðru betra.

Glæsileg stóðu fulltrúar skólanna frammi fyrir fullu húsi og sungu af miklu öryggi og við góðar undirtektir áheyrenda. Svo allrar nákvæmni sé gætt sat hann Eiríkur Kúld með gítarinn sinn og spilaði og söng einnig af miklu öryggi. Hann var einn þriggja stráka sem komu fram en stúlkurnar voru í miklum meirihluta.

Dómnefnd átti ekki létt verk fyrir höndum að velja tvo fulltrúa úr þessum glæsilega hópi en að lokum voru það tveir glæsilegir einstaklingar sem stóðu upp úr, Agnes Björk Rúnarsdóttir úr Öldunni, Öldutúnsskóla og Birta Guðný Árnadóttir úr Vitanum, Lækjar-skóla en þær eru báðar á sextánda ári.

Agnes Björk söng lagið This is a man's world sem James Brown gerði frægt um 1966. Var hún önnur á svið og



Birta Guðný Árnadóttir úr Vitanum og Agnes Björk Rúnarsdóttir úr Öldunni.

flutti lagið af gríðarlegu öryggi og innlifun.

Birta Guðný söng lagið Proud Mary eftir Paul Fogerty sem gefið var út árið

1969 af hljómsveit hans Creedence Clearwater Revival. Hún byrjaði rólega og var látaus á sviðinu en þegar kom að síðari hluta lagsins sem er mun kröftugra setti hún allt í botn og reif salinn með sér.

KEPPA Í SAMFESTINGNUM

Þær Agnes Björk og Birta Guðný verða glæsilegir fulltrúar Hafnarfjarðar í Samfestingnum, söngkeppni Samfés, samtaka félagsmiðstöðva.

Þau sem tóku þátt í keppninni voru: Hekla Sif og Birta Guðný úr Vitanum, Agnes Björk og Lilja Sól úr Öldunni, Saga Rún og Rakel Sara úr Mosanum, Halldóra og Birna Kristín úr Hrauninu, Eiríkur Kúld úr Setrinu, Snorri Þórs og Noah Alex Hunter úr Ásnum og Lísbet Katla Júlíusdóttir úr Verinu.



Agnes Björk Rúnarsdóttir.



Birta Guðný Árnadóttir.





Hekla Sif úr Vitanum



Saga Rún úr Mosanum



Halldóra úr Hrauninu



Eiríkur Kúld úr Setrinu




Snorri Þórs úr Ásnum



Lilja Sól úr Öldunni



Rakel Sara úr Mosanum



Birna Kristín úr Hrauninu



Noah Alex úr Ásnum



Lisbet Katla úr Verinu

Sjá má fleiri myndir frá keppinni á
www.fjardarfrettir.is



Andrés Þór var kynnr kvöldsins



Áheyrendur voru vel með á nótunum og stemmningin var góð í bíóinu.

HRAUNIN VESTUR - SKIPULAGSHUGMYNDIR KYNNINGARFUNDUR UM FRAMTÍÐARUPPBYGGINGU Á SVÆÐINU

Fundur haldinn þriðjudaginn 31. janúar frá kl. 17 - 19 í Hafnarborg. Á fundi verða tillögur fimm skipulagshönnuða um uppbygginguna m.a kynntar. **Nánar á hafnarfjorður.is**

HAFNARFJARÐARBÆR
Ráðhús Hafnarfjarðar
Strandgötu 6

ÞJÓNUSTUVER
Opð frá kl. 8.00 - 16.00
Alla virka daga

585 5500
hafnarfjorður.is



HAFNARFJÖRÐUR

Ásvallabraut metin mjög arðbær

Mest munar um tímasparnað einstaklinga – Mestur hagnaður ef ofanbyggðavegur kemur ekki

Samkvæmt niðurstöðum greiningar sem Mannvit vann í samstarfi við starfsfólk Hafnarfjarðarbæjar er gerð Ásvallabrautar metin samfélagslega arðbær miðað við 4,3% raunávöxtunarkröfu og arðsemistímann 2016-2040. Mikilvægasti áhrifaþátturinn er tímasparnaður einstaklinga í samgöngukerfinu. Þar á eftir koma akstur og ytri áhrif.

ÁBATINN 6-21 MILLJARÐUR KR.

Ábatinn er metinn á bilinu 6 til 21 milljarðar króna á verðlagi ársins 2016 en innri vextir greiningarinnar reiknast á bilinu 24-45% þ.e. framkvæmdin stendur undir allt að 45% árlegri ávöxtunarkröfu á stofn- og rekstrarkostnað miðað við þann ábata sem henni reiknast út frá umferðartölum.

Ábata-/kostnaðarhlutfallið er á bilinu 11-39 kr. þ.e. íbúum Hafnarfjarðar áskotnast 11-39 kr. ábati fyrir hverja útlagða krónu vegna framkvæmdarinnar háð fólksfjölgun og tilvist ofanbyggðarveggar. Áhugavert er þá að ábatinn af Ásvallabraut er tvöfalt meiri ef ofanbyggðarveggar nýtur ekki við.

Ekki var í þessari skýrslu verið að svara því hvort ráðstöfun fjármuna í byggingu Ásvallabrautar sé arðbærari forgangsroðun en veiting fjár til annarra málefna s.s. í uppbyggingu almenningsgangna.

Greiningin var umfangsmikil og ítarleg skýrsla liggur fyrir með hinum ýmsu forsendum. Skýrsluna má lesa á vef Hafnarfjarðarbæjar.



Ástjarnarkirkja afhent 10. apríl

Safnaðarstarfið vex og eflist með hverju ári og löngu tímabært að fá betri aðstöðu

Unnið er nú hörðum höndum að því að ljúka byggingu fyrri áfanga Ástjarnarkirkju en stefnt er að því að kirkjan fái húsið afhent 10. apríl nk. full búið. Þessi fyrri áfangi á að duga Ástjarnarsókn á næstu árum og engar ákvarðanir hafa verið teknar um framhaldið. Í nýja húsinu er 185 m² safnaðarsalur sem er stækkanlegur inn í 75 m² „kaffihús“. Verða settir upp færanlegir veggir svo hægt verði að stúka salinn upp en kirkjan mun m.a.

leigja nýjum Skarðshlíðarskóla stóran hluta húsnæðisins á skólatíma auk þess sem skólinn mun einnig nota það húsnæði sem kirkjan er í núna.

Að sögn Kjartans Jónssonar sóknarprests er starfið sífellt að eflast í takt við þróun í hverfinu. T.d. er mjög góð þátttaka í starfi eldri borgara og í barnastarfi en húsnæðið hefur takmarkað messuhald og hefur oft þurft að færa messur inn í sal Haukanna á Ásvöllum.



„Kaffihúsið“ og inngangur. Til hægri sér inn að skrifstofum sóknarinnar.

Fyrri áfanginn er í raun safnaðarheimilið sem verður hægt að nota sem kirkju og safnaðarstarf en með tilkomu

hússins mun öll aðstaða batna til muna og segist Kjartan vona að húsið verði hús fólksins í hverfinu.



Lokaður altarisgarður mun þjóna sem altaristafla í kirkjunni.



Unnið er hörðum höndum við lokafrágang á kirkjuhúsinu.



Karl Guðmundsson, fulltrúar Íshúss Hafnarfjarðar; Dána Margrét Hrafnisdóttir, Fjóla Eðvarðsdóttir, Ólafur Gunnar Sverrisson og Anna María Karlsdóttir. Fulltrúi Von mathúss; Kristjana Þóra Bergþórsdóttir og Einar Hjaltason og fulltrúar Annríkis; Guðrún Helga Rosenkjær og Ásmundur Kristjánsson.

Ljóm: Guðni Glásson

Íshúsið fékk fyrstu hvatningarverðlaun Markaðsstofu Hafnarfjarðar

Hvatningarverðlaun Markaðsstofu Hafnarfjarðar voru afhent í fyrsta sinn sl. fimmtudag en Markaðsstofan var stofnuð á síðasta ári.

Það voru aðilar að Markaðsstofunni sem sendu inn tilnefningar sem voru tæplega 30 og eftir yfirferð stjórnarinnar stóðu eftir þrjú fyrirtæki.

Gunnar Sverrisson, tréskipasmiður, sem reka Íshús Hafnarfjarðar sem er samfélag keramik-, textíl- og vörubúnaðs, listamanna, iðn- og handverksfólks í gömlu fallegu frystihúsi við smábátahöfnina í Hafnarfirði. Íshúsið er sjálfsprottið en upphafið má rekja til þess að þau vildu kanna hvort

þau sérhæfa sig í öllu því sem viðkemur íslenska þjóðbúningnum, sinna rannsóknunum, standa fyrir kennsluhaldi og kynningum um land allt. Annríki setur skemmtilegan og jákvæðan brag á bæjarlífið t.d. söfnuðu þau saman 100 fjallkonum á Hamrinum til að minnast 100 ára kosningaafmælis kvenna og afhentu Bygðasafni Hafnarfjarðar að gjöf faldbúning á Rannveigu Filipusdóttur Sívertsen í tilefni afmælis Sívertsen sem þau hjónin unnu í samstarfi við hópinn Faldafréyjur.

VON mathús & bar er rekið af Einari Hjaltasyni sem er margrómaður mat-

reiðslumaður sem býr yfir mikilli reynslu úr eldhúsinu og Kristjönu Þóru Bergþórsdóttur sem einnig hefur mikla reynslu úr veitinga- og hótélgeiranum. VON er lítið og metnaðarfullt, fjölskyldurekið mathús við höfnina í Hafnarfirði sem leggur mikla áherslu á árstíðabundna íslenska matargerð og hráefnanotkun. Hugmyndina að staðnum má helst rekja til brennandi áhuga og ástríðu þeirra á matargerð og eftirspurn eftir fjölbreyttri staðbundinni matarmenningu. Það er óhætt að segja að staðurinn hafi slegið í gegn og sé mikil lyftistöng fyrir bæjarfélagið.



Dána Margrét Hrafnisdóttir, Fjóla Eðvarðsdóttir, Ólafur Gunnar Sverrisson og Anna María Karlsdóttir, stoltir fulltrúar Íshúss Hafnarfjarðar.

Ljóm: Guðni Glásson

Tilkynnti Karl Guðmundsson formaður stjórnar Markaðsstofunnar að ákveðið hafi verið að veita Íshúsi Hafnarfjarðar hvatningarverðlaunin að þessu sinni.


Þá fengu þau tvö fyrirtæki sem höfðu fengið næst flestar tilnefningar viðurkenningar en það voru Annríki, þjóðbúningar og skart og Von mathús.

Í umsögn dómnefndar segir:

Íshús Hafnarfjarðar hlaut verðlaunin fyrir að hafa lyft bæjaranda Hafnarfjarðar með starfsemi sinni og athöfnum. Verðlaunin eru þakklætisvottur Markaðsstofunnar fyrir óeingingjarnt starf við að gera Hafnarfjörð að betra samfélagi. Það eru Anna María Karlsdóttir, mannfraeðingur, og Ólafur

grundvöllur væri fyrir að leigja út vinnurými og búa til samfélag skapandi einstaklinga, einhverskonar gróðrarstöð fyrir frumkvöðla og nýsköpun í íslenski hönnun. Segja má að það hafi gengið framur öllum vonum því Íshúsið hýsir í dag vinnuafstöðu 45 listamanna sem fást við ólík viðfangsefni. Tilkoma Íshússins hefur mikið aðdráttarafli fyrir bæjarfélagið og hafa bæjarbúar tekið starfsemiinni fagnandi sem og aðrir innlendir og erlendir gestir sem koma í hópaheimsóknir til að kynna sér starfseminna.

Annríki – Þjóðbúningar og skart er rekið af Ásmundi Kristjánssyni, vélvirkja og gullsmíði og Guðrúnu Hildi Rosenkjær, klæðskera og kjólameistara.



**Tónlistarskóli
Hafnarfjarðar**

Söngnámskeið

**Nýtt söngnámskeið er að hefjast
6. febrúar n.k.**

Námskeiðið stendur yfir í 8 vikur með 4 samsöngstímum.

Verð kr. 26.835,-

Söngkennarar Erna Guðmundsdóttir og Ingibjörg Guðjónsdóttir

Allar nánari upplýsingar veitir skrifstofa Tónlistarskóla Hafnarfjarðar

í síma 555 2704 og á netfangið tonrit@hafnarfjordur.is

www.tonhaf.is



VILT ÞÚ VERÐA HLUTI AF GÓÐU FERÐALAGI?

Hjá Isavia starfar öflugur hópur fólks sem allt hefur það að markmiði að vera hluti af góðu ferðalagi þeirra sem fara um flugvelli félagsins og íslenska flugstjórnarsvæðið.

Nú vantar okkur fleiri til að vera hluti af góðu ferðalagi með okkur.

Fjölbreytt sumarstörf á Keflavíkurflugvelli. Við leitum að einstaklega þjónustulunduðum, glaðlyndum, snyrtilegum og reyklusum einstaklingum sem hafa góða samskiptahæfleika, lipra og þægilega framkomu, eru sveigjanlegir og geta unnið undir álagi. Óskað er eftir starfsfólki bæði í hluta- og heilsdagsstörf en um er að ræða vaktavinnu.

Umsækjendur þurfa að geta hafið **störf í maí og unnið út ágúst.**

FLUGVERND

Helstu verkefni eru vopna- og öryggisleit, eftirlit í flugstöð og á flughlöðum á Keflavíkurflugvelli. Óskað er eftir starfsfólki í hluta- og heilsdagsstörf.

Hæfniskröfur:

- 18 ára aldurstakmark
- Góð ensku- og íslenskukunnátta
- Rétt litaskynjun
- Lágmark tveggja ára framhaldsnám eða sambærilegt
- Umsækjendur þurfa að sækja undirbúningsnámskeið og standast próf í lok námskeiðs

FARÞEGAÞJÓNUSTA

Helstu verkefni eru þjónusta við farþega, umsjón og eftirlit með þjónustuborðum. Eftirlit með búnaði sem farþegar nota, flæðisstýring farþega og önnur tilfallandi verkefni sem snúa að aðstoð við farþega.

Hæfniskröfur:

- 18 ára aldurstakmark
- Sjálfstæð vinnubrögð og lipurð í samskiptum
- Góð ensku- og íslenskukunnátta, þriðja tungumál er kostur



Isavia hlaut gullmerki PwC fyrir launajafnrétti í jafnlaunaúttekt PwC 2015 og 2016. Við erum stolt af þeirri niðurstöðu og er hún í takt við jafnréttisáætlun félagsins sem hefur það að markmiði að nýta hæfni, krafta og kunnáttu starfsmanna til fulls án þess að kynbundin mismunur eigi sér stað.

FARÞEGA AKSTUR

Helsta verkefni er rútuakstur farþega á flughlaði Keflavíkurflugvallar.

Hæfniskröfur:

- Próf á hópferðabifreiðar er skilyrði
- Fullnaðarskírteini fyrir B réttinda flokk í ökuskírteini

BÍLASTÆÐAÞJÓNUSTA

Helstu verkefni eru umsjón með farangurskerrum í og við flugstöðina. Almenn þjónusta og aðstoð við viðskiptavinum á bílastæðum flugstöðvarinnar.

Hæfniskröfur:

- 18 ára aldurstakmark
- Góð ensku- og íslenskukunnátta
- Sjálfstæð vinnubrögð



Við bjóðum upp á fríar rútuferðir til og frá höfuðborgarsvæðinu fyrir starfsmenn sem þurfa á því að halda.



Arnar starfar við flugvernd á Keflavíkurflugvelli. Hann er hluti af góðu ferðalag.



ISAVIA

FH fékk 99 verðlaunapeninga á öldungamóti í frjálsum íþróttum

Metþátttaka á öldungamóti í frjálsum íþróttum

Meistaramót Íslands í frjálsum íþróttum öldunga var haldið í Kaplakrika um helgina. Metþátttaka var á mótinu og voru keppendur alls 81 frá 17 félögum. Þetta er í fyrsta sinn sem innanhússkeppnin fer fram í Hafnarfirði og eru aðstaðar allar hinar bestar og vel staðið að mótshaldinu.

FH fékk langflest verðlaun á mótinu 99 samtals en ÍR kom í öðru sæti með 18 verðlaun og HSK/Selfoss í þriðja sæti með 14 verðlaun.

FH fékk 43 gullverðlaun, 37 silfurverðlaun og 19 bronsverðlaun.



Sett voru Íslandsmet í hástökki 80-84 ára karla og 75-79 ára karla en hér má sjá Helga Hólm úr ÍR sem setti Íslandsmet í síðari flokknum og stókk 1,25 m.



Hjónin Kristína Ulla Maria Andersson og Egill Guðmundsson úr FH fengu fjölmörg verðlaun

FH ÍSLANDSMEISTARI

FH varð Íslandsmeistari með 551 stig, ÍR varð í öðru sæti eð 104 stig en HSK/Selfoss varð í þriðja sæti með 80 stig.

Keppt var í 106 greinum í hinum ýmsu aldursflokkum. Konur frá 30 ára aldri og karlar frá 35 ára aldri kepptu en elsti keppandinn var 86 ára en meðalaldur keppenda var 50 ár.

Flestir keppendur komu frá FH, 30 og kepptu þeir í einni til átta greinum hver.

Fleir myndir má sjá á fréttavefnum www.fjardarfrettir.is



Glæsilegir keppendur sem allir eru í Hlaupahópi FH.



Eliás Rúnar Sveinsson úr ÍR sigraði í kúluvarpi í flokki 65-69 ára karla.

Vinstri græn og forgangur verkefna

Í síðasta blaði Fjarðarfréttar skrifar húsnaði. Á síðasta kjörtímabili, sama tímabili og VG sátu í meirihluta ásamt Samfylkingu með oddvita VG í stól bæjarstjóra síðustu tvö árin má rifja upp að ekki var fjölgað um eina félagslega íbúð á kjörtímabilinu.



Ólafur Ingi Tómasson

FORGANGUR VG

Nú stingur augu bæjarfulltrúans „forgangur“ núverandi meirihluta þar sem 200 milljónir fara í kaup á félagslegum íbúðum á móti 350

milljónum í íþróttamannvirki. Eins og áður sagði var ekki fjölgað um eina félagslega íbúð á síðasta kjörtímabili, til að allrar sanngirni sé gætt þá stóð sveitarfélagið á barni gjaldþrots á þessum tíma og því ekki mikið til ráðstöfunar.

Í því ljósi og þeim áherslum VG á kjörtímabilinu 2010-2014 má geta þess að settar voru yfir 700 milljónir í íþróttamannvirki, í Kaplakrika og á Ásvöllum. Þessi upphæð er nálægt því sem sveitarfélagið hafði á einu til

tveimur árum til framkvæmda og viðhalds.

Að endingu og í tilefni þess að bæjarfulltrúinn telur að mikið hafi verið gert á síðasta kjörtímabili til að rétta við slæma fjárhagsstöðu bæjarins þá mæli ég með fyrirlestri Stefáns B. Gunnlaugssonar, dósents við viðskiptadeild Háskólans á Akureyri um fjárhagslega heilsu sveitarfélaga flutta 20. jan. sl. Upptökuna má finna á www.unak.is

Höfundur er bæjarfulltrúi og formaður skipulags- og byggingarráðs.

Fékk úthlutað ræktunarsvæði á Þorlákstúni en vill nú byggja íbúðir

Ákvæði í samningi um ræktunarsvæði virðast jafnvel ekki geta fyrirbyggt brask með lóðina

Á fundu skipulags- og byggingarráðs á þriðjudaginn voru mættir fulltrúar arkitektastofunnar Batterísins sem kynntu hugmyndir að uppbyggingu íbúðarbyggðar á Þorlákstúni.

Fyrirtækinu Syðra-Langholti var úthlutað 37.500 m² lóð undir garðyrkjustöð og ræktun á Þorlákstúni, í hlíð ofan við Reykjanesbrautina við Hvaleyrarholt. Þá heyrir af því að 5 milljón kr. verðmiði hafi verið settur á hverja íbúð en í skýrslunni er gert ráð fyrir að þarna

gætu komist 150-300 íbúðir eftir því hversu þétt er byggt.

Í lok júní sendi fyrirtækið inn fyrirspurn um að byggja þarna íbúðabyggð og virðist lítil ánægja vera með þau áform, a.m.k. ekki á forsendum upprunalegs samnings og óskaði skipulags- og byggingarráð eftir umsögn bæjarlögmanns og að lögð verði fram öll tiltæk gögn í málinu.

Skv. lóðarleigusamningi sem var til 25 ára frá 2006, var ekki greitt sérstak-



Hugmyndir frá 2009 um uppbygginguna.



lega fyrir lóðina eins og gert er fyrir atvinnulóðir en ársleiga var 0,35% af fasteignamati hennar. Atti að leggja inn framkvæmdaáætlun fyrir 1. sept. 2006 og fullgera átti lóð ásamt framkvæmdum fyrir 1. maí 2010. Í samningnum kemur svo fram að verði vanefndir af hálfu lóðarhafa, fellur lóðarúthlutunin niður án frekari fyrirvara.

Framkvæmdir hafa ekki verið í neinu samræmi við upphafleg áform en bent hefur verið á sinnuleysi bæjaryfirvalda að framfylgja ákvæðum samningsins.

Hluti Þorlákstúns og Reykjanesbrautin sést til hægri.

Ljóm.: Guðni Gíslason

Vilja blandaða byggð íbúða og atvinnustarfsemi á Hrauninum

Skipulagshugmyndir í vestur hluta Hrauna

Fyrirhugað er að vinna deiliskipulag á reit sem afmarkast af Fjarðarhrauni, Reykjavíkurvegi og Flatahrauni í Hafnarfirði. Meginmarkmið hins nýja deiliskipulags er að þetta byggðina á svæðinu og breyta landnotkun svæðisins í blandaða byggð íbúða/atvinnustarfsemi í samræmi við stefnu aðal-skipulags Hafnarfjarðar 2013-2025.

Hafnarfjarðarbær hefur kallað eftir hugmyndum skipulagshönnuða um uppbyggingu svæðisins skv. skipulagslýsingu bæjarins, sem kynnt var hagsmunaaðilum og áhugasömum á kynningarfundum 16. júní s.l. Fyrir liggja fimm tillögur hönnunarhópa um uppbyggingu, sem deiliskipulagsgerð á reitnum kemur til með að byggja á.

KYNNINGARFUNDUR UM FRAMTÍÐAR-UPPBÝGGINGU

Hafnarfjarðarbær efir til kynningarfundar um framtíðaruppbyggingu, þriðjudaginn 31. janúar n.k. Fundurinn verður haldinn í fyrirlestrarsal Hafnarborgar frá kl. 17-19. Á fundinum verða tillögur skipulagshönnuða í hugmynda-leitinni m.a. kynntar.



Tvær af fimm hugmyndum sem komu frá arkitektastofum um uppbyggingu á svæðinu.

Svona verður nýja hjúkrunarheimilið

Jarðvegsframkvæmdir að hefjast og húsið verður tilbúið á næsta ári



Ásýndin að nýja hjúkrunarheimilinu. Aðkoma sjúkrabíla er að neðanverðu en aðalinngangur verður frá Sólvangsvegi.

Á íbúafundi sl. fimmtudag voru teikningar af nýju hjúkrunarheimili sem rísa á við hlið Sólvangs kynntar. Teiknistofan Úti og inni hannar húsið. Hjúkrunarheimilið á að rýma 60 manns í eins manns herbergjum en möguleiki á að vera á að opna á milli herbergja ef hjón búa hlið við hlið.

fjármagnar hins vegar byggingu hússins og leigir ríkinu húsið og á þannig að fá stofnkostnaðinn til baka.


Sólvangur verður þá ekki lengur hjúkrunarheimili fyrir aldraða en Hafnarfjarðarbær sækir það stíft að fá að nýta Sólvang og hafa þar 20 hjúkrunarrými í viðbót en ekki hafa



Séð inn í eitt herbergið.

Framkvæmdum við húsið á að ljúka árið 2018 og mun Hafnarfjarðarbær ekki sjá um reksturs þess eins og nú er á Sólvangi heldur verður reksturinn boðinn út og verður því ekki á ábyrgð Hafnarfjarðarbæjar. Hafnarfjarðarbær

tekist samningar um það. Á Sólvangi er stefnt að því að hafa miðstöð fyrir ýmsa þjónustu fyrir eldri borgara og m.a. gert ráð fyrir áframhaldandi dagdvöl fyrir aldraða á neðstu hæðinni.



Séð að forstofu en lítið „teeldhús“ er í hverju herbergi.



Hér má betur sjá hvernig nýbyggingin tengist með glerbyggingu við gamla Sólvang.

Á fundinum kynnti arkitekt fyrir-komulagið í húsinu, fulltrúi heilbrigðisráðuneytis kynnti rekstrarfyrirkomulagið en Helga Ingólfsdóttir formaður starfshóps um byggingu hjúkrunarheimilisins stýrði fundinum.

Hátt í 50 manns mættu á íbúafund þar sem byggingaráformin voru kynnt.



Fyrstu sporin í súrringum

Ungu skátarnir í Rauðúlfulum eru á lokaári sínu í drekaskátum og verða fálkaskátar í haust. Þeir hafa prófað sig áfram í hinum ýmsu þrautum og fengið

að upplifa skátaævintýrið. Á myndinni má sjá skáta stíga sín fyrstu spor í súrringum og eiga þeir eflaust eftir að byggja stóra turna í framtíðinni.



Lýsam.: Guðni Gíslason

Ertu í fasteignahugleiðingum?

Vantar allar gerðir eigna á skrá! Frítt söluverðmat

„Minn metnaður er heiðarleiki, vönduð vinnubrögð og persónuleg þjónusta“

Ársæll Steinmóðsson
aðstoðarmaður fasteignasala

RE/MAX
FJÖRÐUR

sími 896 6076
as@remax.is



Ársæll Steinmóðsson
aðst.m. í lögg.nm



Páll B. Guðmundsson
löggitur fasteignasali

Lækjargötu 34d, Hafnarfirði, sími 519 5900

FÉLAGSFUNDUR

verður haldinn hjá Samfylkingunni í Hafnarfirði
mánudaginn 30. janúar klukkan 20:00

Yfirskrift fundarins er:

Skóli án aðgreiningar - hugmyndafræði og framkvæmd

Á fundinn mætir

dr. Hafdís Guðjónsdóttir prófessor við
menntavísindasviðs Háskóla Íslands og
heldur stutt erindi og svarar spurningum.

Allir velkomnir
Stjórnin



Ritvilla á strætó

Laugin er kennd við Ásvelli en ekki Ásvöll



Lýsam.: Guðni Gíslason

Um langt skeið hefur mátt sjá strætisvagn nr. 44 merktan Ásvollarlaug sem hefur stungið nokkuð í augu því eignarfall af Ásvelli er Ásvalla. Á

strætó er hins vegar komið auka r sem þarna á ekki að vera enda laugin ekki kennd við Ásvöll. Það er vonandi að Strætó lagi þetta við fyrsta tækifæri.

hafnfirski fréttavefurinn

www.fjardarfrettir.is

Sendu inn fréttaskot á: fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

Skoðaðu nýjustu fréttirnar - eða leitaðu í fréttasafninu

SMÁUGLÝSINGAR

þjónusta

Tölvuaðstoð og viðgerðir

Viðgerðir og kennsla í tölvunotkun. Apple* & Windows. Kem í heimahúsi. Sími 824 9938 - hjalp@gudnason.is

Bílaþríf. Kem og sæki. Tjörhreinun og bön verndar bílinn. Urvals efni. Djúphreinsun. Hagstætt verð. Uppl. í s. 845 2100.

Tek að mér að færa yfir á (vídeó, slide, ljósmyndir) DVD diska eða flakkara. Sýnishorn á siggileifa.123.is sími 8637265 siggil@simnet.is, Sigurður Þorleifsson.

smáauglýsingar

fjardarfrettir@fjardarfrettir.is
sími 565 3066

Verð 1.200 kr. m.v. hver 200 slög.
Myndbirting 1.200 kr.

Tapað-fundið og Gefins: FRÍTT

www.fjardarfrettir.is

Á DÖFINNI

Súpufundur eldri skáta í Hraunbyrgi

Í kvöld, fimmtudag, stendur St. Georgsgildið í Hafnarfirði fyrir súpufundi fyrir eldri skáta í Hraunbyrgi kl. 19. Skemmtilegur spurningaleikur, myndasýning og söngur. 1.000 kr.

Aðalfundur Þyts

Aðalfundur Þyts verður mánudaginn 30. janúar kl. 20 í félagsheimilinu Strandgötu 88.

Hraunin - skipulag

Hafnarfjarðarbær efirir til kynningarfundar um framtíðaruppbyggingu, þriðjudaginn 31. janúar n.k. Fundurinn verður haldinn í fyrirlestrarsal Hafnarborgar frá kl. 17-19. Á fundinum verða tillögur skipulagshönnuða í hugmyndaleitinni m.a. kynntar.

Hafnarborg

Í aðalsal safnsins er sýningin Kvenhetjan með verkum Steingríms Eyfjörð opnuð og í Sverrissal er innsetning Siggú Bjargar Sigurðardóttur.

Sendið tilkynningar um viðburði á fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

Endurskoðað á umhverfis- og auðlindastefnu bæjarins

Skoðað að draga úr gróðurhúsalofttegundum um 3% á ári og minnka plastnotkun

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti samhljóða á fundi sínum í síðustu viku tillögu bæjarfulltrúa Samfylkingar og Vinstri grænna að fara í endurskoðun á umhverfis- og auðlindastefnu Hafnarfjarðar og meta árangur sem náðst hefur af henni frá samþykkt hennar. Vísaði bæjarstjórn málinu til afgreiðslu umhverfis- og framkvæmdaráðs.

Umhverfis- og auðlindastefnan var samþykkt í bæjarstjórn í mars 2013 en meginmarkmið hennar er tvíþætt:

1. Að tryggja íbúum Hafnarfjarðar heilnæmt og öruggt umhverfi til lífs,

leiks og starfs. 2. Að stuðla að nýtingu og verndun auðlinda í eigu bæjarfélagsins með ábyrgum og sjálfbærum hætti til hagsbóta fyrir bæjarfélagið, íslenskt samfélag og komandi kynslóðir.

Í SAMSTARF VIÐ LANDVERND OG HÖFN Í HORNAFIRÐI?

Þá samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar samhljóða að vísa til umhverfis- og framkvæmdaráðs til umfjöllunar tillögu um að fara í markvissa vinnu í

samstarfi við Landvernd og Höfn í Hornafirði við að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um 3 % á ári, draga úr matarsóun og minnka umferð plastpoka og plasts í sveitarfélaginu. Er þetta einnig að tillögu Samfylkingar og Vinstri grænna.

UMHVERFISSTJÓRI RÁÐINN

Fram kom í umræðum í bæjarstjórn að stefnt sé að því að ráða umhverfisstjóra og með ráðningu hans sé verið að leggja aukna áherslu á umhverfisvernd í bæjarfélaginu.

Nokkur umræða var um stöðu umhverfismála í bænum og sýndist sitt hverjum og voru rafhleðslustaurar og aðgerðir í loflagsmálum töluvert rædd.



Ljóm: Guðni Gíslason

Lofmengun á iðnaðarsvæðinu á Hellnahrauni.

Kostar 1.754 þús á hvern nemanda í grunnskóla

Meðalrekstrarkostnaður grunnskóla á landinu

Hagstofa Íslands hefur áætlað meðalrekstrarkostnað á hvern nemanda í öllum grunnskólum sem reknir eru af sveitarfélögum, skv. ákvæðum reglugerðar um ákvörðun framlaga úr sveitarstöði til sjálfstætt rekinna grunnskóla.

Meðalrekstrarkostnaður á hvern nemanda í grunnskólum árið 2015 var 1.651.002 krónur og vegin meðalverðbreyting rekstrarkostnaðar frá 2015 til janúar 2017 er áætluð 6,2%.

Niðurstöður útreikningsins eru því þær að áætlaður árlegur rekstrarkostnaður á hvern nemanda í grunnskólum, sem reknir eru af sveitarfélögum, sé 1.754.072 krónur í janúar 2017.

HÆRRI KOSTNAÐUR EN Í SAMANBURÐAR-SVEITARFÉLÖGUM

Erfitt reyndist að fá sambærilega tölu fyrir Hafnarfjörð en þó var hægt að slá því föstu að rekstrarkostnaður pr. nemanda var 0,85% hærri í Hafnarfirði og því mjög sambærilegur og á landsvisi.

Hins vegar er rekstrarkostnaðurinn mun hærri en Reykjavík, Kópavogi, Garðabæ og Reykjanesbæ þar sem rekstrarkostnaðurinn er frá 77,2% af landsmeðaltali í Garðabæ í 88,3% í Reykjanesbæ.

18% DÝRARA EN Í KÓPAVOGI OG 31% DÝRARA EN Í GARÐABÆ

Ef borði er saman við þessi sveitarfélög þá er það 31% dýrara að reka grunnskóla í Hafnarfirði en í Garðabæ, 18% dýrara en í Kópavogi, 17% dýrara en í Reykjavík og 14% dýrara en í Reykjanesbæ.

Tölur eru frá 2015 og unnar úr gögnum frá Samtökum sveitarfélaga.

Hamar hefur keypt starfsemi Vélaverkstæðis Jóhanns Ólafs

Hamar ehf. sem er í eigu Davíðs Þórs Sigurbjartssonar og Kára Pálssonar hefur keypt starfsemi og húsnæði Vélaverkstæðis Jóhanns Ólafs sem var eitt af gömlu rótgrónu fyrirtækjum bæjarins. Hamar var stofnað 1998 en hefur vaxið mikið og er með starfsemi í Kópavogi, Akureyri og á Grundartanga auk þess sem fyrirtækið mun nú vera með öflugan starfsemi í Hafnarfirði. Að sögn Jóns Gunnars Kristjánssonar halda flestir starfsmenn áfram störfum og verið er að endurnýja vélakost og

taka inn fullkomin tæki en þarna verður m.a. sérhæft tjakkaverkstæði. Húsnæðið við Reykjavíkurveg hefur verið

merkt með áberandi hætti og spennandi verður að fylgjast með framhaldinu.



FJARÐAR fréttir



Smelltu á
LIKE

og skoðuðu myndir á
Facebook síðu Fjarðarfrétta

FRÉTTASKOT

Sendu fréttaskot á
fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

Umsókn um styrk úr

Minningarsjóði hjónanna Helgu Jónasdóttur og Bjarna Snæbjörnssonar, læknis í Hafnarfirði

Minningarsjóður Helgu og Bjarna hefur þann tilgang að veita styrki til að hlúa að hagsmunamálum og velferð barna í Hafnarfirði allt að 18 ára aldri.

Í skipulagsskrá segir að „*einkum skulu veittir styrkir til starfsemi á vegum einstaklinga, samtaka, fyrirtækja og opinberra aðila, sem veita börnum, sem eiga við erfiðleika að etja vegna fötlunar, sjukdóma eða félagslegra aðstæðna, þjónustu og aðstoð*“.



Stjórn Minningarsjóðsins auglýsir hér með eftir umsóknum úr sjóðnum.

Umsóknareyðublöð má sækja á veffanginu www.bjarnioghelga.is

Umsóknir merktar „*Minningarsjóður Helgu og Bjarna*“ þurfa að berast með netpósti á magnuss@simnet.is fyrir **15. febrúar n.k.**

Stjórn Minningarsjóðsins

Nýr örmjór traktor mokar snjó af gangstéttum

Átak gert í að bæta snjómokstur á gang- og hjólastígum í Hafnarfirði

Átak hefur verið gert í að bæta snjómokstur á stígum og gangstéttum í bænum. Keyptur hefur verið nýr traktor sem hentar afskaplega vel á mjórrí stíga og þarf ekki að sveigja frá við hindranir eins og nýrri tæki. Traktorinn er af gerðinni McCormick og er aðeins um 130 cm á breidd. Kom hann í staðinn fyrir traktor af 1991 árgæð. Er ný traktorinn með sanddreifara aftan á og öflugri snjótönn að framan sem okumaður getur stillt á alla vegu úr sæti sínu.

Fyrir á Hafnarfjarðarbær tvo traktora til nota á stígum en þeir eru töluvert


breiðari og er stefnt að því að endurnýja annan þeirra, vonandi á þessu ári.

Hafnarfjarðarbær bauð út snjómokstur á hjóla- og göngustígum og var samið við verktaka um mokstur á helstu leiðum.



Örmjór traktorinn kemst víða.

Segir Guðjón Steinar Sverrisson verkstjóri hjá Hafnarfjarðarbæ nýja fyrirkomulagið breyta miklu til batnaðar og eigi að auka þjónustu við gangandi og hjólandi vegfarendur. Starfsmenn bæjarins hafi aðeins sinnt snjómokstri á göngu- og hjólastígum í dagvinnu en nú sé hægt að kalla út verktaka þegar þörfin er mest.



Á símanum má sjá hvar snjómokurstækin hafa farið.



Litill traktor en með sand/salt kassa og fullkominni snjótönn.

FYLGST MEÐ ÖLLUM TÆKJUM

Búnaður er settur í öll snjóruðningstæki svo umsjónarmenn snjó-

moksturs geta nú séð í farsímanum sínum hvar hvert tæki er og hvar þau hafa farið. Þetta léttir mjög alla umsjón og yfirsýn.

AÐALFUNDUR Siglingaklúbbsins Þyts

verður haldinn mánudaginn
30. janúar 2017 kl. 20 í félagsheimili Þyts
að Strandgötu 88, Hafnarfirði.

Nánari upplýsingar um dagskrá má finna á vef félagsins
www.sailing.is



ÍÞRÓTTIR

Handbolti:

28. jan. kl. 14, Kaplakriki
FH - Fjölnir, úrvalsdeild kvenna

28. jan. kl. 15, Ásvellir
Haukar - ÍBV, úrvalsdeild kvenna

ÚRSLIT KVENNA:

Selfoss - Haukar: (miðvikudag)

HK - FH: 24-16

Valur - Haukar: 25-17

Körfubolti:

26. jan. kl. 19.15, Frostaskjól
KR - Haukar, úrvalsdeild karla

28. jan. kl. 17, Stykkishólmur
Snæfell - Haukar, úrvalsdeild kvenna

1. feb. kl. 19.15, Ásvellir
Haukar - Skallagrímur,
úrvalsdeild kvenna

ÚRSLIT KARLA:

Þór Þ. - Haukar: 94-84

ÚRSLIT KVENNA:

Haukar - Keflavík: (miðvikudag)

Valur - Haukar: 64-72

Fótbolti:

26. jan. kl. 20.15, Kórinn
Stjarnan - Haukar, Faxafl. mót kvenna

28. jan. kl. 11.15, Fífan
Breiðablik - FH, Faxafl. mót kvenna

21. jan. kl. 20, Kórinn
Stjarnan - FH, Faxafl. mót kvenna

ØLSTOFA
HAFNARFJARÐAR

Flatahrauni 5a

Boltinn í beinni og lifandi tónlist allar helgar.

Tilvalinn staður fyrir einkasamkvæmi stærri og smærri hópa.

Happy Hour alla daga frá kl. 16 til 19 og fleiri flott tilboð á barnum.



ØLSTOFA
HAFNARFJARÐAR

Flatahrauni 5a, Hafnarfirði
sími 578 0200

FJARÐAR fréttir

 **Smelltu á LIKE**

og skoðaðu myndir á Facebook síðu **Fjarðarfréttar**

Auglýsingar

símar
565 3066
896 4613

gudni@fjardarfrettir.is

Þannig nærðu best til Hafnfirðinga!

A
-stöðin

TAXI

Hafnfirska leigubílastöðin

520 1212

Hönnun & umbrot



HÖNNUNARHÚSIÐ EHF.
BÆJARHRAUNI 2 • 220 HAFNARFJÖRÐUR
hhus@hhus.is | stofnað 1990

Burger*inn



Sími: 555 7030
www.burgerinn.is

Verður Hafrannsóknaðstofnun í kennileiti fyrir Hafnarfjörð?

Ef marka má skýringarupprátt sem fylgir skipulagstillögum Batterísins arkitekta fyrir Fornubúðir 5 þangað sem Hafrannsóknaðstofnun mun flytja starfsemi sína má gera ráð fyrir að húsin sem þar verði byggð verði áberandi kennileiti á hafnarsvæðinu.

Samkvæmt skipulagstillögunum sem kynntar voru í skipulags- og byggingarráði á þriðjudag er gert ráð fyrir 4.000 m² byggingu fyrir Hafró í fyrsta áfanga austan við núverandi byggingu en í síðari áfanga sé gert ráð fyrir öðrum 4.000 m² áfanga fyrir skrifstofur og þjónustufyrirtæki norðan við bygginguna.

Ráðið leggur til við bæjarstjórn að auglýsa deiliskipulagið en þar er gert ráð fyrir allt að 5 hæða háum húsum. Útlit

þeirra skal brotið upp eins og um samsetta röð minni bygginga sé að ræða - að hámarki 15 metra breið hvert. Þakform er

þó frjálst en uppbrótði skal einnig eiga sér stað í þaki og þakkanti.



Skýringaruppráttur sem fylgdi deiliskipulagstillögunni. Norðubakkinn efst t.h.

Allt í einum pakka í Víkingaþorpinu – Öðruvísi stemmning

Þrumandi þorrablot að hætti Víkinga hefst 20.janúar



Gerum tilboð fyrir hópa í gistingu og mat

Sérreittamatseðill



Vikingasveitin leikur fyrir matargesti eins og þeim einum er lagið

Pakkatilboð í Víkingastræti

1. Þorrapakki:

Gisting, bjór og þorrahlaðborð
Vikingasveitin leikur fyrir matargesti
Tveggja manna herbergi kr. 14.400 á mann

2. Árshátíðarpakki:

Gisting með fordrykk og þriggja rétta hátíðarkvöldverði
Tveggja manna herbergi kr. 14.900 á mann

3. Sælkerapakki:

Gisting og kvöldverður með þriggja rétta sælkeraveislu
Tveggja manna herbergi kr. 14.100 á mann

Nánari upplýsingar á heimasíðu okkar
www.fjorukrain.is

ATH. Morgunmatur innifalinn í öllum pökkum. Tilboð gilda til 15 apríl 2017
Aukanótt í 2ja manna herbergi kr. 5.800, á mann



www.fjorukrain.is - Pantanir: birna@fjorukrain.is / S: 565 1213



Við kynnum nýjan möguleika í mat og gistingu.

Verið velkomin Hlið á Álftanesi

